

Alþingi
Erindi nr. P 137/140
komudagur 10.6.2009

VIÐ ERUM SAMMÁLA, félag

Funafold 89
112 Reykjavík
kt. 600409-0180
Banki: 0116-26-601

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2009

38. maí

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu

VIÐ ERUM SAMMÁLA er félag sem var stofnað í þeim tilgangi að afla fylgis við yfirlýsingu er varðar aðild að Evrópusambandinu.

Yfirlýsingin er svohljóðandi í heild sinni:

Við erum sammála

um að sækja eigi um aðild að ESB

Við erum sammála um að hagsmunum íslensku þjóðarinnar verði best borgið innan ESB og með upptöku evru. Þess vegna viljum við að þegar verði sótt um aðild að ESB og gengið frá aðildarsamningi þar semheilðarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.

Um þetta erum við sammála þrátt fyrir að vera hópur fólks með margar og ólíkar skoðanir um flest annað. Við erum sammála hvert á eigin forsendum og höfum fyrir því okkar eigin ástæður og rök.

Við erum sammála um að aðildarsamning á að bera undir þjóðina til samþykktar eða synjunar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá munum við, eins og aðrir Ísiendingar, gera endanlega upp hug okkar um hvort við erum enn sömu skoðunar og fyrr og greiða atkvæði í samræmi við það.

Við erum sammála um að ríkisstjórnin sem tekur við völdum að loknum kosningum 25. apríl eigi að hafa það eitt af sínum forgangsverkefnum að skilgreina samningsmarkmið og sækja um aðild að ESB.

Eins og fram kemur í yfirlýsingunni eru þeir sem hafa undirritað sammála á eigin forsendum og hafa fyrir því eigin ástæður og rök.

Þegar litið er til þingsályktunartillagnanna er ljóst að margt í þeim báðum fellur að því sem segir í yfirlýsingu okkar. Það er líka ljóst að þeir sem skrifa undir yfirlýsinguna vilja „að þegar verði sótt um aðild að ESB og gengið frá aðildarsamningi þar sem

heilðarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi... ... [ríkisstjórnin] eigi að hafa það eitt af sínum forgangsverkefnum að skilgreina samningsmarkmið **og sækja um aðild að ESB.**"

Að þessu sögðu er ljóst að þeir sem undirrituðu yfirlýsinguna vilja að þegar verði sótt um aðild að ESB.

Yfirlýsingin er skýr og afdráttarlaus. Þegar þessi umsögn er rituð hafa **14.962** undirritað yfirlýsinguna. Það er sanngjörn og eðlileg krafa að utanríkismálanefnd Alþingis, Alþingi og ríkisstjórn taki ríkt tillit til þessarar yfirlýsingar og þeirra sjónarmiða sem þar eru sett fram.

Okkur er til efs að nokkur umsögn sem mun berast utanríkismálanefnd vegna þessara mála sem hér eru til umsagnar styðjist við jafn skýra stefnu og sé gerð í jafn skýru umboði jafn margra nafngreindra einstaklinga.

Nánari upplýsingar um VIÐ ERUM SAMMÁLA er að finna á vefslóðinni www.sammala.is. Þar er einnig að finna nöfn þeirra sem hafa undirritað yfirlýsinguna. Ekki þótti rétt að íþyngja utanríkismálanefndinni með því prenta út allan nafnalistann og láta fylgja umsögninni.

Að síðustu óskum við eftir því að fá að koma fund nefndarinnar til þess að ræða þessi brýnu mál.

VIÐ ERUM SAMMÁLA



Jón Steindór Valdimarsson, formaður
www.sammala.is
sammala@sammala.is
gsm 824-6122